

Menntastefna

Húnaþings vestra



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun



Ávarp

Menntastefna Húnaþings vestra er afrakstur fjölþættrar samvinnu fag- og hagsmunaaðila í Húnaþingi vestra. Fjölmarginir höfðu beina aðkomu að gerð stefnunnar meðal annars starfsfólk skóla, foreldrar og nemendur í gegnum bekkjarþing, ungmennaráð, öldungaráð, íbúar og að lokum sveitarstjórn og er þeim öllum þakkað kærlega fyrir framlag sitt.

Menntastefnu Húnaþings vestra er ætlað að vera lifandi stefna sem tekur breytingum í takt við þarfir, lög og reglur hverju sinni. Hún er fyrst og fremst stefnumörkun um framtíðarsýn sveitarfélagsins og út frá henni eru lagðar fram árlegar framkvæmdaáætlanir.

Sigurður Þór Ágústsson


Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Húnaþings vestra



Inngangur

Menntastefna Húnaþings vestra tekur mið af aðalnámskrá leik- og grunnskóla, Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, læsis- og stærðfræðistefnu skólanna og skólum á grænni grein. Megininntak stefnunnar er að koma til móts við alla, á forsendum hvers og eins. Kjarninn liggur í skapandi hugsun og áherslu á að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi nemenda. Með því að hlúa vel að þessum þáttum elur samfélagið af sér sterka einstaklinga sem skila sér inn í atvinnulífið með fjölbreytta hæfileika og styrk til að takast á við flókin verkefni. Framtíðarsýn skólastarfs í Húnaþingi vestra felur í sér heilsueflandi skólasamfélag sem er framsækið og hlúir vel að nemendum og starfsfólki í faglegu starfi.

“Komum til móts við
alla, á forsendum
hvers og eins.”



Gildi skólastarfs í Húnaþingi vestra

Einstakir einstaklingar

- Áhersla er lögð á að nemendum líði vel í skólanum og þeim séu búnaðar aðstæður til að iðka nám sitt eftir bestu getu.
- Lagt er kapp á að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir þar sem sköpun og virkni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi er í hávegum höfð.
- Áhersla er lögð á jákvæð og uppbyggjandi samskipti þar sem nemendur fá stuðning við að greina og vinna með eigin líðan, þjálfun í samvinnu, samskiptum og lausn ágreiningsmála.

Staðblær

- Í skólunum okkar ríkir jákvæðni, gleði, umhyggja og góð samskipti.
- Skólinn er skapandi umhverfi þar sem samhugur er ríkjandi og fjölbreytileikinn heiðraður.
- Skólinn er lýðræðissamfélag þar sem allir nemendur hafa rödd.

Menntastefna Húnaþings vestra

Gildi skólastarfs í Húnaþingi vestra



Mannauður

- Jákvæð styrking starfsfólks skilar sér í gleði, samheldni og vilja til samstarfs.
- Sameiginleg ábyrgð þar sem allir starfsmenn gegna mikilvægu hlutverki og upplifa sig sem traustan hlekk í starfinu.
- Markmið skólanna er að stuðla að heilsusamlegu lífverni starfsfólks, bæði andlegu og líkamlegu og vera nemendum gott fordæmi í heilsuvitund.
- Lögð er áhersla á sameiginlega endurmenntun hjá öllum skólum til að auka samvinnu og brúa betur bil á milli stofnana fyrir nemendur.

Mótun menntastefnu í Húnaþingi vestra

Formleg vinna við mótun nýrrar menntastefnu fyrir Húnaþing vestra hófst haustið 2020 á miklum umbrotatímum þar sem alheimsfaraldur og samkomutakmarkanir réðu ríkjum. Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir var ráðin verkefnastjóri og setti saman teymi sem var skipað fulltrúum skólastofnana, fræðsluráðs og frístundar. Teymið var verkefnastjóra til leiðsagnar í mótun menntastefnunnar og fundir haldnir reglulega. Stefnan gildir um allt skólastarf í Húnaþingi vestra og nær því yfir leik-, grunn- og tónlistarskóla auk frístundastarfs. Einnig var haft samráð við félagsmiðstöð, íþróttastarf og dreifnám við mótun stefnunnar. Markmið stefnunnar er að samfella verði í námi barna og unglinga í Húnaþingi vestra, auka samvinnu allra skólastiga og tengja félagsmiðstöð og íþróttastarf betur við skólann. Einnig er sérkaflí í stefnunni er varðar nám í heimabyggð að loknu skyldunámi.

Við mótun stefnunnar hafa fjölmargir einstaklingar lagt sitt af mörkum. Haldin voru bekkjarþing í grunnskólanum þar sem foreldrar komu og unnu með börnum sínum að áhersluatriðum fyrir menntastefnuna. Foreldrum leikskólabarna var boðið að taka þátt í samskonar vinnu á rafrænum fundi. Að lokum var haldinn fjölmennur íbúafundur þar sem lokadrög voru kynnt og fólki gafst tækifæri til að koma með athugasemdir. Verkefnastjóri fundaði einnig reglulega með fræðsluráði meðan á vinnunni stóð.

Á árlegum sameiginlegum starfsdegi skólanna verður farið yfir framkvæmd stefnunnar.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra.

1 ENGIN
FÁTÆKT



2 EKKERT
HUNGUR



3 HEILSA OG
VELLIÐAN



4 MENNTUN
FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



6 HREINT VATN OG
HREINLÆTISABTADA



7 SJÁLFBÆR
ORKA



8 GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÓXTUR



9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



10 AUKINN
JÖFNUÐUR



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR
OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERÐIRÍ
LOFTSLAGSMÁLUM



14 LÍF Í
VATNI



15 LÍF Á
LANDI



16 FRÍÐUR OG
RÉTTLÆTI



17 SAMVINNA UM
MARKMIÐIN




HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun



Heimsmarkmiðin eru samþætt, órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt. Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila.

Þá eru innri tengsl og samþætt eðli markmiðanna afar þýðingarmikil fyrir framkvæmd þeirra. Á fyrri hluta árs 2022 samþykkti sveitarstjórn Húnaþings vestra þátttöku í stuðningsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga um innleiðingu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Því var ákveðið að tengja öll áhersluatriði nýrrar menntastefnu við Heimsmarkmiðin og þannig tengja skólana við innleiðingu sveitarfélagsins. Einnig er unnið að því að tengja Heimsmarkmiðin við skólanámskrár skólanna.

Menntastefna áherslupættir



Læsi



Heilbrigði
& velferð




Sköpun



Jafnrétti



Sjálfbærni



Lýðræði &
mannréttindi



Nám fyrir alla,
á öllum aldri

Læsi

Læsi höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Hefðbundið læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Læsi í víðum skilningi vísar hins vegar til þess að nemendur nái tökum á ýmsum táknkerfum og miðlum. Þannig felur læsi á tölur í sér hæfni til að lesa úr, tjá sig um og nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar. Læsi á upplýsingar tekur m.a. til upplýsingatækni þar sem mikilvægt er að allir geti aflað gagna, flokkað, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og læsi á fjölmiðla gerir nemendum kleift að greina upplýsingar ólíkra miðla svo þeir geti sjálfir lagt gagnrýnið mat á þær.

Forgangsmarkmið:

1. Að leik- og grunnskóli vinni eftir læsisstefnu Húnaþings vestra.
2. Að öll heimili sinni heimalestri og þeir nemendur sem ekki hafa tækifæri til að sinna heimalestri fái stuðning til þess á skólatíma.
3. Að vekja lestraráhuga strax í leikskóla og viðhalda honum með hækkandi aldri.
4. Að koma á fót góðri lestraraðstöðu og stuðla að fjölbreyttum bókakosti í skólunum.
5. Að fjármálalæsi verði kennt á unglingsstigi grunnskóla.


Langtímamarkmið:

1. Að tilfinningalæsi verði markvisst komið inn í nám barna á öllum stigum.
2. Að grunnskóli vinni eftir stærðfræðisstefnu Húnaþings vestra.
3. Að náttúruvernd verði kennd í gegnum náttúrulæsi þar sem einstaklingum er kennt að taka ábyrgð á eigin venjum og neyslu.
4. Að kenna nemendum að leita upplýsinga á netinu og meta sannleiksgildi heimilda.



Dæmi um nálgun í skóla- & frístundastarfi:

- Hafa bækur aðgengilegar og sýnilegar í stofum og á göngum.
- Stuðla að góðu samstarfi milli héraðsbókasafns, grunn- og leikskóla.
- Sjá til þess að allir geti fundið sér lestrarefni við hæfi miðað við getu og áhugasvið.
- Gefa nemendum kost á að hlusta á hljóðbækur og hlaðvörp.
- Í leik- og grunnskóla sé mál- og lestrarhvetjandi umhverfi fyrir alla.
- Leggja áherslu á ritun og skapandi skrif.
- Hlúa að nemendum af erlendum uppruna og móðurmáli þeirra.
- Leggja áherslu á kennslu í fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskóla.
- Koma til móts við nemendur með lestrarörðugleika með góðu aðgengi að hljóðbókum og öðrum stuðningsúrræðum.
- Kenna neyslulæsi á öllum skólastigum.
- Nemendum standi til boða mismunandi lestrarumhverfi og lesefni. T.d. bækur, tímarit, símar og lesbretti.
- Virkja fólk í samfélaginu til að koma meira inn í skólana og taka þátt í starfinu sem og að nemendur fari meira út úr skólanum til samstarfs við t.d. eldri borgara eða vinnustaði.
- Kynna nýjum nemendum og foreldrum læsisstefnuna.
- Kenna nemendum að leita upplýsinga á netinu og meta sannleiksgildi heimilda.



Heilbrigði & velferð



Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Mikilvægt er að skólinn taki mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt. Allir þurfa tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Mörg áhugamál barna og ungmenna stuðla að heilbrigði og geta nýst í þessu samhengi. Með því að gefa áhugasviðum þeirra rými í skólastarfinu gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.

Í skóla, sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Forgangsmarkmið:

1. Að Húnaþing vestra verði virkt í verkefninu heilsueflandi samfélag og allt skólasamfélagið taki þátt í heilsueflandi verkefnum frá Landlæknisembættinu.
2. Að allar skólastofnanir taki virkan þátt í innleiðingu á jákvæðum aga og að sveitarfélagið styðji við innleiðinguna með sem bestum hætti.

Langtímamarkmið:

1. Að skólalóðir og svæði til frístundar séu stöðugt til skoðunar og þess gætt að þau séu vel búin öruggum tækjum sem hvetja til hreyfingar, leikja og náms.
2. Að allir skólar vinni eftir mannelismarkmiðum frá Landlæknisembættinu og bjóði upp á góðar og hollar skólamáltíðir með morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi þar sem við á. Leitast skal við að nýta hráefni úr héraði eins og kostur er.



Dæmi um nálgun í skóla- & frístundastarfi:

- Byrja daginn með rólegum samverustundum.
- Auka skipulagða útivist og útikennslu þegar því verður við komið.
- Auka tækifæri nemenda til hreyfingar í bóklegum tímum. T.d. með borðum sem hægt er að standa við.
- Leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl og fræða börn og unglinga markvisst um ávinning af hreyfingu, heilbrigðu mataræði og góðum svefvenjum.
- Þjóða upp á tíma í íþróttahúsi fyrir börn á leikskólatíma.
- Auðvelda aðgengi nemenda að þjónustu sálfræðinga og annarra stuðningsúrræða er varða líðan.
- Gefa nemendum meiri kost á að sérhæfa sig á sínu áhugasviði með t.d. vali á verkefnum og hvernig nám þeirra fer fram.
- Þjóða upp á jóga sem hluta af námi.
- Hafa leikvelli unglingavænni og koma upp fjölnota velli.
- Efla sjálfsmynd barna og ungmenna með fjölbreyttum leiðum.
- Þjóða nemendum upp á hvíldarrými þar sem hægt er að komast í ró og næði.
- Hafa skilgreint afdrep fyrir nemendur úr dreifbýli þar sem þeir geta beðið eftir að tómsundur hefjist.
- Styðjast við kannanir fyrir nemendur frá Skólapúlsinum og eineltiskannanir vegna Olweusarverkefnis.



Sköpun



Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Í sköpuninni felst hagnýting hugmynda og mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og skólastarfi.

Skapandi skólastarf felur m.a. í sér að nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið s.s. námsefni, skipulag, námsmat, mötuneytismál, skemmtanir o.fl. Þar er ýtt undir forvitni, spurningar og heilabrot, nemendum líður vel og þeir eru hvattir til að gera margvíslegar tilraunir. Litið er á mistök sem tækifæri til að læra af reynslu og nýir miðlar og ný tækni eru nýtt á áhugaverðan og skapandi hátt. Verk nemenda eru sýnileg og geta orðið öðrum nemendum og kennurum innblástur og hvatning.

Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.



Forgangsmarkmið:

1. Að í Húnaþingi vestra verði stuðlað að áframhaldandi framþróun í upplýsingatækni og hún nýtt við nám og kennslu á öllum skólastigum.
2. Að koma upp tækjabúnaði sem styður við aukna sköpun í námi og skilum á verkefnum.
3. Að sérstök áhersla verði lögð á að byggja upp viðeigandi aðstöðu til list- og verkgreinakennslu í leik-, grunn- og tónlistarskólum.

Langtímamarkmið:

1. Að mennta starfsfólk í upplýsingatækni svo skólarnir standi framar í kennslu og notkun upplýsingatækni í starfi sínu.
2. Að lögð verði áhersla á nýsköpun og hún kynnt markvisst fyrir nemendum.



Dæmi um nálgun í skóla- & frístundastarfi:

- Hlúa að sjálfstæði nemenda og leyfa þeim að nýta styrkleika sína við úrvinnslu verkefna.
- Viðhalda og styðja við langa hefð árshátíðar og söngvarakeppni í grunnskóla.
- Þjóða upp á valgreinar þar sem áhersla er lögð á fjölbreytni og sköpun.
- Nemendur grunnskóla taki þátt í verkefnum á landsvísu, t.d. Nýsköpunarkeppni grunnskóla, Þjóðleik o.fl.
- Allir nemendur fái tækifæri á hverju ári til að stíga á svið í tengslum við leiklist, tónlist og dans.
- Hafa söng á sal í hverri viku.
- Hafa tiltækt efni og verkfæri fyrir frjálsan og skapandi leik á útsvæðum nemenda.
- Gefa nemendum svigrúm til að skila verkefnum með skapandi hætti.
- Koma upp aðstöðu fyrir nemendur til listsköpunar eftir að hefðbundnum skólatíma lýkur.
- Nemendur í leikskóla hafi tækifæri til að vinna með opin efnivið sem eykur ímyndunarafli og sköpun í leik.
- Sækjast eftir samstarfi við leikfélag, kóra eða aðra menningartengda starfsemi í sveitarfélaginu.
- Nemendur geti nýtt metið val í samstarfi við menningartengda starfsemi í sveitarfélaginu.
- Leggja áherslu á endurnýtingu og að koma upp aðstöðu eða svæði í öllum skólum þar sem bæði kennarar og nemendur hafa greiðan aðgang að endurnýtanlegum efniviði.
- Efla endurmenntun kennara með skapandi námsumhverfi að leiðarljósi.





Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Menntun til jafnréttis fjallar um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, líffskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Við undirbúning starfsvettvangs til framtíðar er mikilvægt að opna augun fyrir kynskiptum vinnumarkaði og stuðla að því að kyn hafi ekki áhrif á námsval, heldur grundvallist á jafnræði og jafnrétti.

Jafnréttismenntun vísar þannig í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Gæta verður þess að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni, samtímis því sem hann þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti.

Forgangsmarkmið:

1. Að öll skólastig í Húnaþingi vestra tileinki sér jákvæðan aga og vinni markvisst eftir þeirri hugmyndafræði í öllum samskiptum.
2. Að aukin áhersla verði lögð á fræðslu nemenda á kynheilbrigði, sjálfsmynd og góð samskipti.
3. Að stuðlað sé að jafnrétti allra kynja og hverjum einstaklingi mætt á sínum forsendum.
4. Að öll börn í Húnaþingi vestra hafi jöfn tækifæri til frístundaiðkunar, óháð búsetu eða fötlun.
5. Að Skólapúlsinn sé notaður markvisst í leik- og grunnskólum til skólaþróunar.


Langtímamarkmið:

1. Að lögð verði áhersla á fjölbreytt frístunda- og tómstundastarf svo allir hafi tækifæri til að taka þátt og finna eitthvað við sitt hæfi.
2. Að hvetja allt frístundastarf barna til að taka virkan þátt í áherslum jákvæðs aga.



Dæmi um nálgun í skóla- & frístundastarfi:

- Hafa 1-2 sameiginlega starfsdaga á hverju ári þar sem öll skólastig og frístund koma saman.
- Stuðla að auknum samskiptum nemenda og starfsfólks, t.d. með sameiginlegum dögum eins og eineltisdeginum, Forvarnardeginum, Degi íslenskrar tungu, Hinsegin deginum o.s.frv.
- Hafa fjölbreytileikann sýnilegan á skólasvæðum með t.d. fánum og veggspjöldum.
- Skólarnir vinni eftir aðgerðaráætlun um fræðslu og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi.
- Allar stofnanir sveitarfélagsins vinni eftir eineltisáætlun og að strax sé gripið til aðgerða ef grunur vaknar um að einelti eigi sér stað.
- Nemendur sem búa í dreifbýli hafi afdrep eftir skóla, meðan beðið er, t.d. eftir frístundastarfi.
- Lögð verði áhersla á að kynfræðsla, kynheilbrigði og samskipti verði kennd markvisst á öllum skólastigum.





Sjálfbærni snýst um umhverfi, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti í nútíð og framtíð. Í sjálfbærnimenntun er lögð áhersla á skilning á þeim takmörkunum sem vistkerfi jarðar setur manningum, jöfnuð innan og milli kynslóða, skynsamlega nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Forsenda fyrir sjálfbæru samfélagi eru virkir borgarar sem eru meðvitaðir um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart þessum þáttum.

Efnahagskerfi samfélaga skipa stórt hlutverk þegar kemur að skynsamlegri nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggji hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Framleiðsla og neysla eru órjúfanlegir þættir samfélags og um leið efnahags hvers einstaklings. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi.

Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu.

Forgangsmarkmið:

1. Að leggja áherslu á að koma upp góðri aðstöðu í öllum skólum til að auðvelda sorpflokkun.
2. Að skólasamfélagið sýni frumkvæði og verði leiðandi í umhverfismálum í sveitarfélaginu.

Langtímamarkmið:

1. Að leik-, grunn- og tónlistarskóli verði grænfánaskólar og vinni saman í því verkefni.
2. Að innleiða umhverfismál í sem flestar námsgreinar með áherslu á umhverfisvernd, vistspor og neysluhyggju.
3. Að koma upp útikennslusvæði sem nýtist bæði leik- og grunnskóla.
4. Að sveitarfélagið, í samstarfi við skólasamfélagið, komi á fót stefnu í umhverfismálum.






Dæmi um nálgun í skóla- & frístundastarfi:

- Leggja áherslu á góða aðstöðu til kennslu í umhverfis- og náttúrufræði.
- Leitast sé eftir því að endurnýta og endurvinna allan efnivið eftir fremsta megni.
- Koma upp sameiginlegum skólagörðum og/eða gróðurhúsum þar sem hægt er að rækta kartöflur, grænmeti og kryddjurtir.
- Nemendur skólanna haldi hænur og afurðir þeirra séu nýttar sem og afgangar úr mótuneyti nýttir sem fóður.
- Leggja áherslu á virðingu fyrir náttúrunni og mikilvægi þess að ganga vel um hana.
- Leitast við að hafa umhverfisdaga í öllum skólum þar sem nemendur og starfsfólk hjálpast að við að tína rusl og fegra skólalóðina.
- Nemendur komi sér upp gróðurreit og planti trjám á hverju ári.
- Vinna verkefni þar sem afleiðing matarsóunar, fatakaupa og ýmiskonar neyslu er skoðuð.
- Standa fyrir fræðslu um sjálfbærni og auka sjálfstæði einstaklingsins til að taka meðvitaðar ákvarðanir þegar kemur að neyslu og umhverfisvernd.
- Skólarnir séu leiðandi og góð fyrirmynd í umhverfisvernd í sveitarfélaginu.
- Leggja ríka áherslu á að nemendur og starfsfólk gangi vel um eigur skólans og beri virðingu fyrir eignum sínum og annara.
- Lögð verði aukin áhersla á útikennslu þar sem nemendum gefst kostur á að kynnast betur sínu nærumhverfi með t.d. göngutúrum, vettvangsferðum og rannsóknum á umhverfi sínu.
- Auka fræðslu í samfélaginu á líftíma neysluvara og hversu langan tíma það tekur þær að brotna niður í umhverfinu.
- Hvetja þá sem hafa þess kost að ganga eða hjóla í skólann.
- Skólarnir komi sér í sameiningu upp verkefnabanka sem hægt er að nýta í útikennslu.



Lýðræði & mannréttindi



Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að þau læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.

Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Einnig þarf að efla þekkingu á grundvallarréttindum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenskri löggjöf og alþjóðasamningum.

Samfélagsgreinar og lífsleikni eru kjölfesta þekkingar á lýðræði og mannréttindum og viðhorfa til sömu þátta. Lýðræðislegur hugsunarháttur á þó við í öllum námsgreinum. Lýðræðislegt gildismat verður ekki mótað nema allar námsgreinar og öll námssvið séu notuð til þess.

Forgangsmarkmið:

1. Að nemendur taki virkan þátt í ákvörðunum varðandi nám þeirra og aðbúnað.
2. Að nemendur fái ákveðið val út frá sínu áhugasviði í námi.
3. Að lögð sé áhersla á vellíðan og jöfn tækifæri nemenda í leik og starfi.
4. Að standa vörð um einstaklinga og fagna fjölbreytileikanum í allri sinni mynd.
5. Að allir nemendur hafi jafnan aðgang að stoðþjónustu til að uppfylla skilyrði um menntun fyrir alla.


Langtímamarkmið:

1. Að forráðamenn taki virkan þátt í stefnumótun og skólastarfi.
2. Að unnið sé markvisst að því að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi.



Dæmi um nálgun í skóla- & frístundastarfi:

- Nemendaráð sé virkt og beri ábyrgð þegar kemur að skipulagningu og ákvarðanatöku á starfi nemenda.
- Starfsdagar og frídagar séu samstilltir milli allra skólastiga og þannig komið til móts við heimilin varðandi skipulagningu á samveru.
- Skoðaðir verði möguleikar á því að vetrarfrí í grunnskóla verði á sama tíma og í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
- Nemendur fái fræðslu á öllum skólastigum sem vinnur gegn fordómum og mismunun minnihlutahópa.
- Að nemendum sé kennt hvað felst í því að búa í lýðræðissamfélagi og hvernig þeir geti haft áhrif og komið skoðunum sínum á framfæri.



Nám fyrir alla, á öllum aldri



Þegar við hugsum um nám í heimabyggð er mikilvægt að gleyma ekki þeim nemendum sem lokið hafa skyldunámi. Mikilvægt er að við búum öllum nemendum viðunandi og hvetjandi námsumhverfi óháð aldri og stöðu. Það að fólk velji að starfa og mennta sig í sveitarfélaginu gefur okkur aukin tækifæri til atvinnusköpunar og meiri fjölbreytileika í atvinnutækifærum.

Samfélagið byggist á þeim mannauði sem það hefur að geyma og því öllum til hagsbóta að allir fái góð tækifæri til að stunda framhaldsnám í heimabyggð. Einnig er mikilvægt að kynna íbúum þau tækifæri sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða og þannig virkja fólk sem þátttakendur í félagslegu starfi og atvinnulífi.

Forgangsmarkmið:

1. Að kynna íbúum vel hvaða leiðir eru í boði ef fólk hefur áhuga að sækja fjarnám.
2. Að koma betur til móts við félagslegar þarfir ungmenna á aldrinum 16-18 ára.
3. Að tengja saman ólíka aldurshópa með skipulögðu starfi.

Langtímamarkmið:

1. Að samræma skóladagatal skólanna í Húnaþingi vestra og dreifnáms Fjölbautaskóla Norðurlands vestra.
2. Að koma upp góðri aðstöðu fyrir nemendur þar sem tækjabúnaður er til staðar svo nemendur geti tekið þátt í kennslustundum, setið fyrirlestra og tekið próf.
3. Að auka námsúrval og gefa nemendum kost á að klára nám í heimabyggð þar sem við er komist.





Dæmi um nálgun í skóla- & frístundastarfi:



- Námskynningar á vegum stofnanna sem bjóða upp á fjarnám.
- Auka samstarf milli skóla í Húnaþingi og dreifnáms, t.d. með valáföngum og félagslífi.
- Nemendur í dreifnámi fái tækifæri til að standa fyrir viðburðum fyrir ungmenni í Húnaþingi.
- Félagsmiðstöðin haldi dagskrá í samráði við ungmenni á aldrinum 16-18 ára.
- Sveitarfélagið og/eða fyrirtæki styrki starfsmenn sína til náms með því að búa þeim aðstæður sem hvetja til endur- og viðbótarmenntunar.
- Nemendur taki þátt í starfi eldri borgara. T.d. með tækninámskeiðum og tónlistarviðburðum.
- Eldri borgarar taki þátt í starfi skólanna. T.d. með því að gerast lestrarömmur/afar.



Lokaorð

Í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er lagt upp með að menntun leggi grunn að virkri þátttöku í lýðræðissamfélagi. Í stefnu stjórnvalda er lögð sérstök áhersla á þátttöku og virkni ungs fólks. Markmiðið er að fólk hafi aðgang að góðri menntun á öllum skólastigum sem mætir sem best þörfum einstaklinga, samfélags og atvinnulífs hverju sinni og Ísland búi að framúrskarandi menntakerfi þar sem kennarar gegna lykilhlutverki. Allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í grunnskólum, bæði bóklegu námi, verk- og listnámi og sveitarfélögum er skylt að sjá nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Miðað er við að allir nemendur ljúki á jafnréttisgrundvelli gæðamenntun á grunnskólastigi án aðgreiningar og endurgjalds. Leitast hefur verið við að taka tillit til ofangreindra þátta við gerð menntastefnu. Stefna þessi er sett fram sem öflug framtíðarsýn í öllu skólahaldi í Húnaþingi vestra. Skýr stefna er nauðsynleg svo allir í sveitarfélaginu geti fylgst með og haft áhrif á skólastarf.

Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir
Verkefnastjóri





Fulltrúar menntastefnuteymis:

Elín Lilja Gunnarsdóttir
formaður fræðsluráðs

Eydís Bára Jóhannsdóttir
*aðstoðarskólalastjóri Grunnskóla
Húnaþings vestra*

Fjóla Þórisdóttir
*umsjónarmaður
frístundar í Grunnskóla*

Guðný Kristín Guðnadóttir
*aðstoðarskólalastjóri
Leikskólans Ásgarðs*

Guðrún Lára Magnúsdóttir
*skólalastjóri
Leikskólans Ásgarðs*

Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir
verkefnastjóri

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir
sviðsstjóri fjölskyldusviðs

Maria Gaskell
*skólalastjóri Tónlistarskóla
Húnaþings vestra*

Sigurður Þór Ágústsson
*skólalastjóri Grunnskóla
Húnaþings vestra*

Heimildaskrá

Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun.
(e.d.). <https://www.heimsmarkmidin.is/>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
(e.d.). *Nám til framtíðar.*
<https://namtilframtidar.is/#/>